

Garðabær
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

5. september 2017
Hallveigarstöðum, Reykjavík

Efni: Styrkbeiðni Kvenréttindafélags Íslands vegna stjórnmalaskóla og kynjapings 2017

Kvenréttindafélag Íslands eru ein elstu félagasamtök Íslands, stofnuð árið 1907 af Bríeti Bjarnhéðinsdóttur til að tryggja jafnrétti kynjanna á öllum sviðum samfélagsins.

Kvenréttindafélagið stendur í haust fyrir tveimur stórum viðburðum sem eru hugsaðir til að styrkja konur í félagsstarfi og þátttöku í samfélaginu. Haldið verður námskeið um stjórnmal og framboð á ýmsum vettvangi og ráðstefna fyrir félagasamtök og hagsmunasamtök um jafnrétti.

Stjórnmalaskóli Kvenréttindafélagsins hefst 2. október, 7 vikna námskeið fyrir konur af erlendum uppruna þar sem farið verður yfir starf og stefnumál helstu stjórnmalaflokka og hagsmunasamtaka, farið yfir „óskrifaðar reglur“ stjórnmalanna, framsaga og ræðuhöld kennd og unnið að tengslamyndun þátttakenda. Námskeiðið er ókeypis, til að hvetja þátttöku sem flestra.


Mikilvægt er auka sýnileika og fjölga konum af erlendum uppruna í stjórnmalum og öðru félagsstarfi. Þetta námskeið er ætlað til að hvetja þátttakendur til að taka þátt í stjórnmalum, bæði til að starfa innan hefðbundinna stjórnmalaflokka, en einnig til þess að taka þátt í pólitísku starfi á öðrum vettvangi, s.s. með þátttöku í starfi félagasamtaka, stéttarfélaga, íbúasamtaka, foreldrasamtaka, o.s.frv. Nánari upplýsingar um stjórnmalaskólann er að finna á heimasíðu Kvenréttindafélagsins kvenrettindafelag.is.

28. október blæs Kvenréttindafélagið til **Kynjapings**, sem er sem nokkurs konar fundur fólksins fyrir þá sem hafa áhuga á jafnréttismálum. Kynjapingið er hugsað sem tengslaráðstefna fyrir félagasamtök sem vinna að mannréttindum og jafnrétti, þar sem þátttakendur og gestir kynnast nýjum hugmyndum og nálgunum í jafnréttisfræði. Einnig er þingið hugsað sem upplýsingaráðstefna, til að gefa almenningi tækifæri á að kynnast starfi félagasamtaka sem vinna að jafnréttismálum. Ráðstefnan er ókeypis fyrir þátttakendur, til að hvetja þátttöku sem flestra. Nánari upplýsingar um stjórnmalaskólann er að finna á vefsíðunni kynjathing.is.

Kvenréttindafélag Íslands er fjármagnað af félagsgjöldum, sölu á auglýsingum í ársriti okkar **19. júní** og öðrum styrkjum sem tekst að afla til hjá opinberum aðilum og einkaaðilum. Tekjustofn okkar er ekki tryggur og sveiflast milli ára.

Kvenréttindafélagið leitar því til ykkar í Garðabæ til að styrkja stjórnmalaskólann og kynjapingið, **um 150.000 kr.**

Með bestu kveðjum og von um góðar undirtektir,



Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir
framkvæmdastýra



Langar þig að bjóða þig fram til Alþingis eða kynnast íslenskum stjórnmálum? Viltu kynnast öðrum konum af erlendum uppruna sem hafa áhuga á stjórnmálum?

Vertu velkomin á námskeið Kvenréttindafélags Íslands fyrir konur af erlendum uppruna um stjórnmál og pólitískt starf. Á námskeiðinu verður farið yfir starf og stefnumál helstu stjórnmálaflokka og hagsmunasamtaka, farið yfir „óskrifaðar reglur“ stjórnmálanna, framsaga og ræðuhöld kennd og unnið að tengslamyndun þátttakenda. Í lok námskeiðsins gengur þú út með áætlun um hvernig þú getur breytt samfélaginu!

Námskeiðið tekur 7 vikur og kennt er á mánudagskvöldum. **Kennt er á íslensku, en hægt er að taka þátt í umræðum á ensku. Þátttökugjald er EKKERT.**

2. október 2017

Kynning

9. október 2017

Pólitík í víðari skilningi. Hvar er hægt að bjóða sig fram og hafa áhrif, t.d. í félagsstarfi, stéttarfélögum, hverfastarfi, o.s.frv.

16. október 2017

Heimsókn frá stjórnmálaflokkum I. Kynning á stærstu flokkum landsins og flokkastarfi

23. október 2017

Heimsókn frá stjórnmálaflokkum II. Kynning á stærstu flokkum landsins og flokkastarfi

30. október 2017

Framsaga, ræðuhöld og sjálfsstyrking

6. nóvember 2017

Rætt við konur af erlendum uppruna sem hafa tekið þátt í pólitík

13. nóvember 2017

Lokakvöld. Þátttakendur ræða framtíðaráform sín.

Tímabil: 2. október til 13. nóvember 2017

Staður og tími: Hallveigarstaðir, Túngata 14, 101 Reykjavík, mánudaga kl. 19:00–21:00.

Umsjón: Sabine Leskopf, varaborgarfulltrúi

Skráðu þig: <http://kvenrettindafelag.is/politik>



Velkomin á Kynjaþing 2017, sem haldið verður í Tækniskólanum á Skólavörðuholti 28. október næstkomandi.

Kynjaþingið er hugsað sem tengslaráðstefna fyrir félagasamtök sem vinna að mannréttindum og jafnrétti, þar sem þátttakendur og gestir kynna nýjum hugmyndum og nálgunum í jafnréttisfræði. Einnig er þingið hugsað sem upplýsingaráðstefna, til að gefa almenningi tækifæri á að kynna starfi félagasamtaka sem vinna að málefnum.

Við höfum til umráða tvær skólastofur í Tækniskólanum á Skólavörðuholti þar sem hægt er að skipuleggja málstofur, fyrirlestra, kvikmyndasýningar, og hvað sem ykkur dettur í hug.

Fyrir utan skólastofurnar er alrými þar sem þátttakendum gefst tækifæri á að kynna starf sitt með bæklingum, eða bara sitja á spjalli við aðra gesti! Og að lokinni skipulagðri dagskrá, þá skálum við saman fyrir framtíðinni!

Þátttaka á Kynjaþinginu er ÓKEYPIS.

Við vonumst til að kynjaþingið verði til þess að auka þekkingu meðal fólks á jafnréttismálum, auka skilning á mismunandi baráttuaðferðum, og leiði til aukinnar samvinnu okkar sem vinnum að jafnréttismálum í framtíðinni.

Skráið ykkur á <http://kynjathing.is>.